

Sp.

267. Tillaga til þingsályktunar

[124. mál]

um byrjun framkvæmda samkvæmt lögum nr. 32/1946, um Austurveg.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson, Helgi Jónasson,
Jón Kjartansson, Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta ári hefja framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 32 frá 1946, um Austurveg, með því að gera upphlaðinn og malborinn veg af Suðurlandsbraut í Svinahrauni, um Þrengsli, á Selvogsveg nálægt Vindheimum í Ölfusi.

Miða skal framkvæmdir þessar við, að þessi kafli Austurvegar verði fullgerður á næstu tveimur árum. Að svo miklu leyti sem ekki verður veitt nægilegt fé á fjárlögum árána 1955 og 1956 til þessara framkvæmda, er ríkisstjórninni falið að nota heimild í lögum um Austurveg til lántöku til greiðslu vegagerðarkostnaðarins.

Greinargerð.

Á Alþingi 1946 voru samþykkt lög um Austurveg, nr. 32 1946.

Samkvæmt þessum lögum skyldi gera nýjan veg, steinsteyptan, frá Lögbergi, um svonefnd Þrengsli, austur um Ölfus að Selfossi. Vegagerð þessari skyldi ljúka á næstu 7 árum frá gildistöku laganna, en hefja skyldi framkvæmdir með því að leggja þann kafla vegarins, sem liggur um Þrengsli, eða nánar tiltekið frá Suðurlandsbraut í Svinahrauni, um Þrengsli, á Selvogsveg nálægt Þurá í Ölfusi, og skyldi þessi vegur gerður fyrst í stað sem malarvegur. Eru lög þessi byggð á álitni nefndar, sem skipuð var 1944 til rannsóknar á samgöngumálum Sunnlendinga og skilaði álitni í nóv. 1945.

Vegarlagningu þessari um hina svokölluðu Þrengslaleið er fyrst og fremst ætlað að bæta úr samgönguferfiðleikum milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur á vetrum, þegar vegurinn um Hellisheiði er ófær bifreiðum vegna snjóá. En hár og góður vegur um Þrengsli mun verða miklu lengur fær en Hellisheiðarvegurinn, þar sem hinn fyrrnefndi er 252 m yfir sjó, en Hellisheiði 374 m. Þrengslaleið er því í líkri hæð og Svinahraun.

Eins og nú er háttáð samgöngum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis, verða allir flutningar á þessari leið að jafnaði að fara fram um Krísvíkurveg, strax og Hellisheiðarvegurinn verður ófær vegna snjóá. Ekki skal því neitað, að mikil samgöngubót er að Krísvíkurleið, en sá galli er á, að hún er 35 km lengri en væntanleg leið um Þrengsli og 43 km lengri en Hellisheiðarleið, miðað við leiðina Reykjavík—Selfoss. Þar að auki er vegurinn um Krísvík svo mjór mestan hluta leiðarinnar, að bílar geta ekki mætt nema á „útskotum“.

Er vegurinn því stórhættulegur í vondum veðrum hinum stóru og þungu vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru á þessari leið, og eru nærtæk dæmi, sem sanna það. Má næstum segja, að það sé þegar af þeirri ástæðu neyðarúrræði að þurfa að beina hinni miklu umferð og flutningum, sem þarna er um að ræða, á Krísvíkurvegin.

Sá hluti Austurvegar, sem hér er lagt til að gerður verði á næstu tveim árum, er um 20 km að lengd. Að honum gerðum er víst, að þessi leið mundi taka við miklum hluta þeirrar umferðar, sem nú verður að fara um Krísvík, en við það sparast stórfé á degi hverjum. Því til sönnunar má benda á, að veturinn 1950—51 var ekið um Krísvík í rúma 100 daga, því að allan þann tíma var Hellisheiðarvegurinn ófær vegna snjóá. Vegamálastjóri lét þá fara fram athugun á auknum kostnaði, sem leiddi af hinni lengri leið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að aukinn flutningskostnaður við það að aka Krísvíkurleiðina, á móti því að fara hina styttri leiðina, næmi um 15 þús. kr. á dag eða um 1½ millj. kr. í þessa 100 daga. Við þetta má bæta, að síðan þessi athugun fór fram, hafa flutningar og ferðalög stórauðizt á þessari leið. Má af þessu ljóst vera, að þessi vegagerð um Þrengsli mundi spara erlendan gjaldeyri í stórum stíl, þar sem um er að ræða á lengri leið auknið slit á bifreiðum, benzín- og olíueyðslu. Þá mundi og sparast vinnuafli og komið í veg fyrir mikið erfiði hjá þeim mörgu mönnum, sem af miklum dugnaði annast þessa vetrarflutninga.

Að þessu öllu athuguðu og því ógleymdu, að þessi vegur átti samkv. gildandi lögum að vera fullgerður fyrir ári, er þess vænt, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt og ríkisstjórnin beiti sér síðan fyrir framgangi málsins.